

Hafnarfjörður
Fræðsluþjónusta
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

– Ábendingar við drög skýrslu um Hafnarfjörð –

Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins Hafnarfjörður fyrir börn í leik- og grunnskólum

Hafnarfjörður
desember 2013



HAFNARFJÖRÐUR

Inngangur

Þessi greinargerð sem hér kemur eru ábendingar og viðbrögð við drög skýrslu sem kynnir úttekt á sérfræðiþjónustu við börn í leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Úttektin fór fram í nóvember 2013 og drög að skýrslu var send okkur í byrjun desember 2013. Við höfðum nokkra daga til að gera athugasemdir og ábendingar og hér koma þær. Tilgangur þessa er að tryggja að þær staðreyndir sem dregnar eru fram í skýrsludrögum séu réttar og gefa ábendingar varðandi skýrara orðalag sem gæti átt við í einhverjum tilvikum. Við vinnum ábendingarnar með því að kynna allan texta skýrsludraganna hér (í hlutum) og við ákveðna þætti sem við viljum við gera ábendingar sem geta vonandi nýst til að hjálpa við að ljúka skýrslunni.

Skýrsludrögin og ábendingar

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Hafnarfjarðarbær hefur skólastefnu frá árinu 2009. Þar kemur fram að stofnunum verði tryggður aðgangur að ráðgjöf og sérfræðipjónustu sem taki mið af þörfum nemenda, forráðamanna þeirra og samfélagsins, þar á meðal kennslufræðilegri, sálfræðilegri og stjórnunarlegri ráðgjöf. Markmið ráðgjafar er öflugra skólastarf og aukid sjálfstæði starfsfólks skóla til úrlausna viðfangsefna. Ennfremur að unnið verði í anda Salamanc yfirlýsingarinnar um skólastarf án aðgreiningar. (1) Í stefnunni er ekki sérstaklega mælt fyrir um hvernig markmiðum reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga verði náð. (2) Sérfræðipjónusta Hafnarfjarðarbæjar er sjálfstæð eining rekin af sveitarfélaginu og nefnist hún Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar. (3) Hún sinnir 8 grunnskólum og 16 leikskólum. Markmið þjónustunnar er að veita stuðning, börnum og foreldrum þeirra annars vegar og starfsemi skóla og starfsfólki hins vegar. Skrifstofan starfar skv. ákvæðum laga um grunnskóla, laga um leikskóla, reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga og reglugerðar um nemendur með sérþarfir. (4) Skólaskrifstofa annast greiningu og ráðgjöf vegna málefna nemenda. Gögn frá sveitarfélaginu um hlutfall nemenda er nýta sérfræðipjónustu og menntun starfsmanna Skólaskrifstofu bærust ekki úttektaraðilum.</p>	<p>(1) Hér viljum við benda á að reglugerðin kom út árið 2010 en skólastefna Hafnarfjarðar út síðast árið 2009 og því ekki hægt að svara kröfum reglugerðar þar. Skólastefna er reglulega í endurskoðun núna og verður væntanlega gefin út árið 2014 eða áður en aðalnámskrár leik- og grunnskóla taka gildi haustið 2014 þar sem hún er nú í endurskoðunarferli.</p> <p>(2) Rétt er að sérfræðipjónustan er rekin af Hafnarfjarðarbæ en sérfræðipjónustan er ekki Skólaskrifstofan. Skólaskrifstofan er einnig stjórnsýsluleg og rekstrarleg eining sem heldur utan um skólastarfið í bænum þar sem um 14,5 stöðugildi af nær 20 á Skólaskrifstofunni heyra til sérfræðipjónustunni. Hluti sérfræðipjónustu er þá sinnt af starfsfólki skólanna sjálfra.</p> <p>(3) Hið rétta er hér að sérfræðipjónustan þjónustar 7 grunnskóla (um 3800 nemendur) og 17 leikskóla (um 1900 börn) í bænum.</p> <p>(4) Svólítið óljós setning. Réttara væri að segja: „Sérfræðipjónustan, flestir starfsmenn Skólaskrifstofunnar, annast fræðslu, ráðgjöf og greiningar á börnum til starfsfólks skóla og foreldra. Hlutfall nemenda sem nýtir sérfræðipjónustu er 5-10% í leikskólum og 20-25% í grunnskólum en til þess teljast sálfræðigreiningar, talmeina- greiningar, læsisgreiningar, foreldranámskeið og meðferð PMT, sérkennsla, barnaverndarmál (ofbeldi, einelti, vanræksla, brottfall o.þ.h.) og ráðgjöf og fræðsla í málum einstaka barna (oft fleira en eitt fyrir eina og sama barnið).“ Þess utan er fræðsla fyrir foreldrahópa sem ekki er skráð sérstaklega en þá gjarnan í samstarfi við skóla, t.d. fræðsla fyrir foreldra um SMT-skólafærni. Nánari skipting er ekki tilgreind nema til komi sérstök ósk um nánari skiptinu á þessum málum. Fræðsla til starfsmanna skóla er kynnt í námskeiðabæklingum sem fulltrúum <i>Attentus</i> var afhent sérstaklega í rýnivíðtölum í viðbótargögnum við skýrsluna sem send var fyrir úttekt. Menntun starfsmanna sérfræðipjónustunnar á Skólaskrifstofunni er getið á blaðsíðu 20 í skýrslunni sem send var áður en úttekt hófst.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>(5) Störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðipjónustu eru samræmd í nemenda- verndarráði grunnskóla. Sambærilegt ráð er í leikskólum. (6) Stuðningur sérfræðipjónustu sveitarfélagsins vegna stefnu um Skóla án aðgreiningar felst fyrst og fremst í ráðgjöf frá sérdeildum og Skólaskrifstofu. Leikskólastjórar segja að almennt hafi leikskólar</p>	<p>(5) Flókin málsgrein í heild sinni og erfitt að ná utan um hana eða hvað hún hefur að færa þar sem óljós hugtakanotkun er í gangi sem þurfi að leysa.</p> <p>(6) Hvað er sérfræðipjónusta hér og „skóli án aðgreiningar“? Allt fjármagn sem veitt er til sérkennslu í leik- og grunnskólum snýst um að búa til þennan „skóla án aðgreiningar“. Í grunnskólum er 2000 kennslustundum af 8500 á ári í Hafnarfirði veitt vegna þess að þetta eru „skólar án aðgreiningar“ eða nálægt 25% allra kennslutímaúthlutunar. Það er heilmikið framlag til „skóla án aðgreiningar“. Þessu til</p>

<p>starfað eftir hugmyndafræði Skóla án aðgreiningar og að þeir séu ánægðir með stöðugildi sérkennslustjóra sem styðji þá til þess að vinna eftir stefnunni. (7) Grunnskólastjórar segjast ekki fá sérstakan stuðning vegna stefnu um Skóla án aðgreiningar. (8) Að sögn viðmælenda skóla þarf meira fjármagn, meiri og fjölbreyttari sérfræðipækkingu innan skólans, meiri stuðning á faglegum sviðum ásamt meiri tíma til að geta framkvæmt stefnuna. Viðmælendur segja að starf kennara hafi breyst mikið vegna Skóla án aðgreiningar. Mikill tími fari í að sinna uppeldi, félagslegum málum og samskiptum við foreldra. Meiri vinnu, þekkingar, skýrsluskrafa og fundarsetu sé krafist af kennurum. Grunnskólakennarar segja að verið sé að vinna úr og sinna málum einstakra nemenda á kostnað annarra. Ennfremur kom það viðhorf fram að stefna yfirvalda um Skóla án aðgreiningar stangist á við framkvæmd samræmdra prófa. Foreldrar sögðu stefnuna virka betur í leikskólum en í grunnskólum en sögðust almennt telja að skólanir næðu ekki markmiði um Skóla án aðgreiningar.</p>	<p>viðbótar kemur ráðgjöf og greining innan skóla (sérkennarar, námsráðgjafar), þvert á skóla (ráðgjafar frá sérdeildum) og frá Skrifstofu (skólasálfræðingar, talmeinafræðingar, sérkennslu-fulltrúar aðallega). Svo „skóli án aðgreiningar“ er „fyrst og fremst kennslutímaúthlutun“ og sérfræðipjónusta sem styður við það. Innan leikskóla Hafnarfjarðar eru 59 stöðugildi til að mæta börnum með sérþarfir og þar af 39 stöðugildi vegna barna í fötlunarflokki 1-3. Sérfræðipjónustan er til vegna „skóla án aðgreiningar“.</p> <p>(7) Það er einnig spurning hvernig eigi að skilja þessi orð: „fái engan sérstakan stuðning“. Allt sérkennslukerfið (nær 25% allra kennslustunda í grunnskóla) er vegna „skóla án aðgreiningar“ og því gengur umrædd fullyrðing ekki upp. En ef skólastjórar telja það ekki nóg væri rétt að það kæmi fram þannig.</p> <p>(8) Kannski er það þetta sem um ræðir, skólastjórnendur telja sig þurfa meiri stuðning en þann sem þeir þegar fá. Og áfram niður alla málsgreinina um að þörf sé á meiri stuðningi við skóla. Þau sjónarmið sem þar er lýst eru vissulega áhyggjuefni. Íslenskir skólar hafa fæsta nemendur á bak við hvern starfsmann í PISA (að Lúxemborg undanskildri) en samt er þetta viðhorfið að stuðningur sé ónógur. Við því höfum við ekkert að segja annað en að þetta sé áhyggjuefni í íslensku skólastarfi að kennarar og skólastjórnendur fái ónógan stuðning þrátt fyrir þann stuðning sem er veittur og er með því mesta samkvæmt alþjóðlegum tölum.</p>
--	--

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>19 af 24 leik- og grunnskólum í Hafnarfirði skiluðu gögnum varðandi símenntun og skólanámskrá, en þó vantaði hluta af gögnum frá einhverjum skólum. (9) Misjafnt er hvort kveðið er á um skipulag sérfræðipjónustu í skólanámskrá og (10) hvort lögð er áhersla á að efla þekkingu starfsfólks í að leysa viðfangsefni reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga í símenntunaráætlun.</p>	<p>(9) Almennt séð er ætlast til að sérfræðipjónusta sé kynnt í starfsáætlunum grunnskólanna en ekki skólanámskrá en ýmist í leikskólum. Fyrir skólaárið 2013-2014 hafa allir leik- og grunnskólar í Hafnarfirði kynnt sérfræðipjónustuna líkt og fyrri skólaár. En haustið 2014 taka ný aðalnámskrár leik- og grunnskóla gildi og við erum einnig að endurskoða það hvernig sérfræðipjónustan er kynnt fyrir foreldrum þar, jafnvel samhæfa fyrir allan bæinn í heild sinni.</p> <p>(10) Spurningin er svolítið hvernig á að skilja símenntunaráætlanir og í símenntunaráætlunum allra grunnskólanna síðasta vetur eru þættir eða viðfangsefni sem snúa að málefnum sérfræðipjónustu. Efinn snýst um það hvernær slíkt er „núgu mikið“ til að það teljist að það sé „lögð áhersla á að efla...“ En það er samt til staðar. Ekki nægilega nákvæmt og skýrt í skýrsludrögum.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>(11) Nemendur grunnskóla, sem rætt var við, virtust ánægðir í skólanum. Þeir greindu frá því að misjafnt væri hvort nemendum skólans væri veitt nægileg aðstoð við nám. Hún væri þá aðallega veitt af umsjónarkennara í kennslustofu. Þeir sögðu að nemendur með líkamlega fötlun hefðu jafnan aðgang að stofum og leiksvæðum skóla. Ennfremur greindu nemendur frá því að þeir teldu misjafnt hvort nemendum grunnskóla væri veitt nauðsynleg aðstoð í tengslum við próf. Helst væru það nemendur með greiningu sem fengju lengri próftíma. Aðspurðir hverju þeir vilja breyta í tengslum við aðstoð við þá svöruðu nemendur því til að of mikið væri um heimanám, samstarf og samráð vegna kennara um heimanám væri lítið, jafna þyrfti vinnuálag og jafna þyrfti upplýsingaflæði er varðar heimanám. Almennt segja nemendur að misjafnt viðhorf væri meðal nemenda skólanna til sérkennslu. Þeir hvetja til að byrjað verði með almenna fræðslu strax í fyrsta bekk, þetta verði hluti af lífsleikni, kurteisi og almennum samskiptum. Áherslu þurfi að leggja á virkari eineltisfræðslu m.a. með vinavikum og vinabekkjum.</p>	<p>(11) Lítið um þessa málsgrein að segja, fjallar að mestu um viðhorf nemenda og það eru þeirra viðhorf. Þó má benda á að „vinavikur“ eru árlega í öllum leik- og grunnskólum bæjarins (ein vika í nóvember ár hvert hin síðustu ár) og margir skólar eru með „vinabekki“ innan skóla án þess að við höfum sérstaka talningu um slíkt. Þannig að sumt af því sem nemendur segja að þurfi að vera er þegar til staðar.</p>

5.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Hversu vel er starfsfólk upplýst um innihald reglugerðar:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar sveitarfélagsins eru upplýstir um reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Þeir segja að skólastjórnendur séu ábyrgir fyrir því að koma upplýsingum um hana til starfsmanna sinna. • Aðrir viðmælendur segja að almennt sé fólk ekki upplýst um reglugerðina en flestir viti af henni og viti hvar hægt sé að nálgast upplýsingar um hana. 	<p>Engar ábendingar en umræðan hér snýst talsvert um verkaskiptingu í upplýsingamiðlun.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Stuðningur við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • (12) Skólaskrifstofa styður við starfsfólk og skóla með ráðgjöf, stuðning og fræðslu og með sameiginlegum fundum stjórnenda og sérkennslustjóra. • Viðmælandur segja að fræðsla fari einnig mikið fram innan skólanna. • Sveitarfélagið hjálpar þeim skólum sem það kjósa að innleiða agastefnu (SMT). • Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu stofnana og stoðþjónustu innan sveitarfélagsins. • (13) 58% leikskólakennara og 37% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfshætti og starfsemi skóla. • 47 % leikskólakennara og 21% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfsmenn skóla. • Þegar spurt var hvaða stuðning sérfræðiþjónustan veitti tilgreindu flestir leikskólakennarar ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (49%), fræðslufundi og námskeið fyrir starfsfólk (48%) og ráðgjöf í kjölfar greiningar (44%). Flestir grunnskólakennarar nefndu fræðslufundi og námskeið fyrir starfsfólk (44%), ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (28%) og ráðgjöf í kjölfar greiningar (22%). • 65% leikskólakennara og 29% grunnskólakennara er frekar eða mjög sammála því að sveitarfélagið veiti starfsfólki skóla fræðslu til þess að efla þekkingu á því að leysa viðfangsefni reglugerðarinnar. 63% leikskólakennara og 25% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að skólinn geri það. 	<p>(12) Athugið að „sérkennslustjórar“ eru í leikskólum en í sambærilegum stöðum í grunnskólum eru þeir ýmist „deildar-/fagstjórar sérkennslu“. Svo ef setningin á við bæði skólastigin þurfið að breyta aðeins orðalagi.</p> <p>(13) Ábending um ALLAR niðurstöður úr könnun(um) sem voru lagðar fyrir að fá að vita svarhlutfall en ekki aðeins niðurstöður (því niðurstöður eru oftast nær tálkaðar út frá svarhlutfalli).</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Eftirlit sveitarfélags með því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skólaskrifstofa fer með eftirlit með að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu. • Lögð er áhersla á teymisvinnu. Samráðsteymi er innan leikskóla og nemendaverndarráð innan grunnskóla. • (14) Skólaskrifstofa kallar reglulega eftir upplýsingum frá skólum. • (15) Sérfræðingar Skólaskrifstofu eiga árlega fundi með leikskólum auk annarra funda vegna einstakra nemenda. • Sérkennslustjórar / umsjónarmenn sérkennslu benda á að biðtími eftir greiningu geti verið langur. (16) Ennfremur sé skortur á fagfólki innan Skólaskrifstofu. 	<p>(14) Rétt í sjálfu sér en segir ósköp lítið að öðru leyti. Hvers konar upplýsingar? Hve oft? Í hvaða tilgangi? Upplýsingasöfnun er í stöðugri endurskoðun.</p> <p>(15) Óskýr fullyrðing. Fundir vegna allra barna? Fundir vegna barna sem þurfa sérfræðipjónustu. Hver er tilgangur fullyrðingar?</p> <p>(16) Óljós fullyrðing: Er skortur á að á því að starfsfólkið á Skólaskrifstofunni sé fagfólk eða er vantar fleira fagfólk. Gott væri að fá þá frekari útlistanir á því. Hvers konar fagfólk vantar?</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>(17) Áherslur sveitarfélagsins við framkvæmd sérfræðipjónustu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélagið leggur áherslu á snemmtæka íhlutun og að skólar skili upplýsingum til Skólaskrifstofunnar. • Sérfræðipjónustan býður upp á stuðning og fræðslu við innleiðingu á SMT og PMT ásamt fræðslu um einstök málefni. • Áhersla er á heildstæða þjónustu við fjölskyldur og þverfaglega samvinnu. 	<p>(17) Áherslur sveitarfélagsins eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Að styðja við snemmtæka íhlutun í skólastarfinu. - Að styðja við skólastarfið í einstaka grunnskólum vegna nemenda með sérþarfir með greiningum og ráðgjöf svo skóli geti tekið ábyrgð á nemendum sínum og mætt þörfum þeirra fyrir nám og persónulegan stuðning. - Að styðja við forvarnir í skólastarfinu. - Að styðja við foreldra í uppeldishlutverki sínu (sbr. þjónustu PMT). - Að styðja við skólastjórnendur við að byggja upp skóla án aðgreiningar með ráðgjöf og verkfærum (t.d. SMT skólafærni). - Að standa fyrir fræðslu og stuðningi í gegnum almenna verkferla til að sinna sérfræðipjónustu í skólum í samræmi við opinbert regluverk. - Að hafa áherslu á þverfaglega teymisvinnu og samvinnu í lausnamiðuðu umhverfi til að vinna að hag allra nemenda í skólunum (t.d. við heilbrigðiskerfi og félagskerfi).

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Hvaða hlutverkum er ekki verið að sinna eða flækjustig í framkvæmd:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar sveitarfélagsins segja að auka þurfi samráð milli ríkis og sveitarfélaga um aukið hlutverk sveitarfélaga vegna ákvarðanna 	<p>(18) Sjá ábendingu 16.</p> <p>(19) Kemur okkur svolítið á óvart. Við teljum að allar greiningar gangi milli skólastiga (sérstakir fundir haldnir nema ef foreldrar vilja slíkt ekki) og greiningar alltaf nýttar. Hins vegar er ekki hægt að útiloka það að eitthvert mat eigi sér stað og því geti orðið meðvitund breyting á þjónustu milli</p>

<p>stofnana á vegum ríkisins um breytta þjónustu er varðar sérfræðiþjónustu barna.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skólastjórnendur, sérkennslu- stjórar/umsjónarmenn sérkennslu, kennarar og foreldrar benda á að biðlistar eftir greiningu hjá Skólaskrifstofu séu langir og (18) að í einhverjum tilfellum sé skortur á fagfólki innan skólanna og á Skólaskrifstofu. Ennfremur að auka þurfi fjármagn til sérfræðiþjónustu. • (19) Hjá hluta foreldra kom fram að sérfræðiþjónusta við börn skerðist við tilfærslu barna milli leik- og grunnskóla. Þeir foreldrar sögðu að þegar barn hefji nám í grunnskóla þurfi þeir að byrja upp á nýtt og stundum vilji grunnskólar ekki byggja á þeim greiningum sem leikskólinn hafi framkvæmt. • (20) Skólastjórnendur og kennarar tóku fram að flækjustig sé að aukast með aukinni kröfu um skýrslugerð og fundasetu. • (21) Foreldrar í rýnihóp sögðu að flækjustig geti verið vegna staðsetningu sálfræðings innan hvers skóla. Ekki sé val um að leita til annars sálfræðings óski foreldrar eða nemandi eftir því. 	<p>skólastíganna vegna breyttra aðstæðna. Í því samhengi má minna á að kannski um 5-10% nemenda hljóta stuðning í leikskóla en um 20-25% í grunnskóla svo það er aukning á þjónustu þegar í grunnskóla kemur þótt það geti í einhverjum tilfellum verið breytilegt milli barna. Það finnst okkur eðlilegt.</p> <p>(20) Getum í sjálfu sér tekið undir fullyrðingu. Það sé hins vegar ljóst að við að vinna að lausn í málum einstakra nemenda þurfi faglega samvinnu og skráningu á framkvæmd sem sé merki um aukna fagmennsku.</p> <p>(21) Það koma einstaka sinnum upp þau tilvik sem hér eru nefnd og eru þá leyst af sérfræðiþjónustunni með að fá skólasálfræðing úr öðrum skóla. Alltaf leyst sé óskað eftir því og við teljum ekkert óeðlilegt við slíkt.</p>
---	--

<p>Skýrsludrögin</p> <p>Rými innan skólans til að veita sérfræðiþjónustu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • (22) Rými innan skóla sveitarfélagsins er misjafnt. 	<p>Ábendingar</p> <p>(22) Of óljóst, komið af samræðu við okkur. Við sögðum að öll kennsla væri leyst í skólum með nægu rými, en með einni undantekningu þó. Einstaka leikskólar bæjarins, eldri leikskólar, væru ekki allir vel búnir aðstöðu svo hægt væri að sinna allri þjónstu þar, t.d. iðju- og sjúkrapjálfun sem færi þá fram úti í bæ (enda þjónustan veitt af öðrum – heilbrigðiskerfinu). En til allrar sérfræðiþjónustu sem sveitarfélagið annast er rými.</p>
--	---

<p>Skýrsludrögin</p> <p>Samstarf sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum hins opinbera og hvernig sveitarfélagið tryggir gagnkvæma upplýsingamiðlun:</p> <ul style="list-style-type: none"> • (23) Fulltrúar sveitarfélagsins segja að samstarf sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og aðila sem annast samhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum hins 	<p>Ábendingar</p> <p>(23) Full óljóst. Það sem var átt við hér væri að þegar greiningu/grunnmati sérfræðiþjónustu fæli í sér áframhaldandi ferli, t.d. til geðlækna, BUGL, Greiningarstöðvar ríkisins o.fl., þá tæki við löng bið í sumum tilfellum til að halda úrvinnslu máls áfram sem er á höndum ríkisins (meðferð)</p> <p>(24) Réttari væri setningin svona: „Sérfræðiþjónustan vinnur að skilvirkri miðlun upplýsinga í málefnum einstakra nemenda í gegnum þverfagleg teymi og miklu samstarfi milli allra aðila eftir því sem við á hverju sinni.“</p>
--	--

<p>opinbera sé gott en biðlistar eftir greiningu Skólaskrifstofu geti verið langir.</p> <ul style="list-style-type: none"> • (24) Sveitarfélagið tryggir miðlun upplýsinga með þverfaglegum teyllum og snemmtækri íhlutun. • Fulltrúar skóla sögðu að staða tengiliðs félagsþjónustu við skólana sé af hinu góða. (25) Þó sé skortur á upplýsingaflæði milli skóla og barnaverndarnefndar ásamt því að huga megi betur að samstarfi við heilsugæslu. 	<p>(25) Barnaverndin telur sig hafa mikla persónuvernd að gæta og hún miðli ekki upplýsingum nema brýn nauðsyn beri til þótt hún sé að vinna í málum. Bara svona til útskýringar en ekki að þetta sé illkvittni barnaverndar sem ræður ríkjum.</p>
--	--

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Eftirfylgni milli skólastiga:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almenn virðist sátt meðal viðmælenda um hvernig málefnum nemenda er fylgt eftir á milli skólastiga. Þó kom fram að í einhverjum tilfellum hafi gögn leikskóla um einstaka nemendur ekki borist umsjónarkennara í grunnskóla. • (26) Fram kom meðal hluta foreldra að sérfræðiþjónusta við einstaka nemendur hafi í einhverjum tilfellum skerst við tilfærslu þeirra frá leik-grunnskóla. 	<p>(26) Drögum þetta ekki í efa en bendum á að þjónusta færist ekki sjálfkrafa á milli skólastiga eða einstakra árganga því á hverjum tímapunkti geti átt sér stað sjálfstætt mat á þörfum. Skerðing á þjónustu getur því verið möguleiki eins og aukning á þjónustu.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Aðgengi foreldra að gögnum/fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Almenn sátt ríkir meðal viðmælenda í rýnihópum um aðgengi foreldra til að kynna sér gögn og fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn. • (27) Foreldrar segja að huga þurfi betur að upplýsingaflæði til beggja foreldra óháð forsjá og/eða lögheimili. • Í könnun meðal foreldra kom hins vegar fram að 47% foreldra töldu sig hafa möguleika á að kynna sér gögn um eigin börn. 46% segjast hafa fengið afhent afrit af gögnum. 	<p>(27) Unnið er eftir ákveðnum verklagsreglum hér sem komnar eru frá barnaverndinni og er þeim fylgt. Það skiptir máli með forsjá og ekki forsjá varðandi upplýsingamiðlun. Það gilda því mismunandi reglur eftir sambúðarformum foreldra. Ef foreldrar telja á sér brotið þurfa þau að kvarta í einstaka tilfellum en annars eru til skýrar reglur og viðhorf foreldra hér breyta engu gagnvart þeim lagaramma sem er í gildi.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Biðtími eftir greiningu og ráðgjöf á vegum sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins:</p> <ul style="list-style-type: none"> Misjafnar skoðanir komu fram meðal viðmælenda um lengd biðtíma vegna greiningar. (28) Fulltrúar sveitarfélagsins og grunnskólastjórar telja biðtíma vera frá einum upp í sex mánuði. Aðrir viðmælendur telja biðtíma verið allt frá sex mánuðum upp í tólf mánuði. Það sé þó misjafnt eftir ástæðum greininga. Í viðhorfskönnun kennara tilgreina 50% leikskólakennara biðtíma eftir greiningu vera 7-12 mánuði. 41% grunnskólakennara að biðtími eftir greiningu sé 1-3 mánuðir. (29) 17% leikskólakennara segja biðtíma eftir greiningu vera meira en ár. 28% leikskólakennara sögðu biðtíma eftir ráðgjöf vera 4-6 mánuði og 26% að hann sé 1-2 mánuðir. 36% grunnskólakennara segja biðtíma eftir ráðgjöf vera 1-3 vikur og 33% að hann sé 1-3 mánuðir. Í könnun meðal foreldra töldu 26% biðtíma eftir greiningu vera 1-3 mánuði. Hins vegar töldu 23% þeirra hann vera meira en ár. 18% foreldra töldu biðtíma eftir ráðgjöf vera 1-3 mánuði, 16% 7-12 mánuði og 15% meira en ár. 	<p>(28) Réttari væri að hafa þetta svona: „Fulltrúar sveitarfélagsins telja að biðtími eftir þjónustu (aðallega sálfræði- og talmeiniggreiningum) geti verið frá einum mánuði upp í tíu/tólf mánuði eftir eðli máls. Sum mál fara strax í vinnslu framhjá biðlista ef eðli þeirra er þannig metinn (forgangur). Grunnskólastjórar ...“</p> <p>(29) Þessi biðlisti hefur aldrei farið yfir ár. Nú í desember 2013 er verið að vinna í málum frá mars/apríl 2013.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Aðgengi að túlkajónustu:</p> <ul style="list-style-type: none"> Skólar sveitarfélagsins útvega sjálfir túlkajónustu og ríkti almenn sátt um hana meðal viðmælenda í rýnihópum. Þetta viðhorf staðfestist í könnun meðal kennara. (30) Í könnun meðal foreldra kom fram að 72% vissi ekki hvort sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti túlkajónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. 	<p>(30) Við viljum benda á þetta skrýtna samhengi þessarar spurningar. Enginn þjónustuþegi sem þessi spurning á við (að nýta sér túlkajónustu) gat svarað þessari spurningu því hann hafði ekki túlk (eða könnunina á sínu tungumáli) til að svara. Svo þeir sem svara hér eru eingöngu þeir sem þurfa EKKI á þessari þjónustu að halda og því síður að vita af henni. Skólinn hefur yfirsýn á túlkajónustunni gagnvart þeim sem þurfa á henni að halda.</p>

5.2. Starfshættir sérfræðipjónustu:

Núverandi staða

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Ferli, verklagsreglur og verkferlar sérfræðipjónustu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Yfirmaður sérkennslu og/eða nemendaverndarráð/samráðsteymi í samráði við foreldra setja af stað ferli innan skólanna. (31) Stefna sveitarfélagsins er að vinna eftir snemmtækri íhlutun og gerð er krafa um að skólarnir vinni með börnunum í þrjá mánuði og leggi fyrir þau viðeigandi matstæki áður en málið er sent til greiningar hjá Skólaskrifstofu. Skilafundir eru haldnir að greiningu lokinni og þeim fylgt eftir með teymisfundum ef við á. • Í könnun meðal kennara fram að meirihluti þeirra (56% leikskólakennara og 58% grunnskólakennara) segja að kennari meti fyrst þörf nemenda fyrir stuðning. • Sveitarfélagið hefur reynt ef kostur er að veita tíma til stuðnings einstakra nemenda áður en greining liggur fyrir. • (32) Sveitarfélagið vinnur nú að endurskoðun á verklagsreglum og verkferlum er varða sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. • Foreldrar, kennarar og sérkennslustjórar / umsjónarmenn sérkennslu sögðu að kynna þurfi verkferla og verklagsreglur betur ásamt því að auka upplýsingaflæði. • Í viðhorfskönnun meðal kennara kemur fram að 86% leikskólakennara og 79% grunnskólakennara telja verkferla skóla vegna sérfræðipjónustu við nemendur vera kennurum aðgengilega, en 58% leikskólakennara og 43% grunnskólakennara telja þá aðgengilega foreldrum. • Í könnun meðal foreldra kemur fram 78% foreldra leikskólabarna og 76% foreldra grunnskólabarna veit ekki hvort verkferlar leikskóla og grunnskóla vegna sérfræðipjónustu við nemendur séu þeim aðgengilegir. 	<p>(31) Rétt er taka fram að umrædd setning á eingöngu við leikskólann. Á bak við þessa setningu stendur sjónarmið um að leikskólar sendi ekki börn sjálfkrafa í greiningarferli án þess að hafa sjálf notið matstæki sem leikskólakennarar geta nýtt áður en farið er í umsókn um greiningu. Þetta er gert til þess að sjá til þess að börn séu ekki sett í greiningu að óþrörfu eða að óígrunduðu máli. Í þessu felst að leikskólar séu alltaf með aðgerðir, íhlutun, og vinni grunnvinnu áður en lagt er í ítarlega greiningarvinnu. Þessi vinnubrögð leiða einnig til þess að barn sem bíður greiningu í leikskóla fær íhlutun og þjálfun á meðan það bíður eftir greiningu sérfræðings.</p> <p>(32) Samhengi þessarar fullyrðingar er að aðalnámskrár leik- og grunnskóla taka gildi haustið 2014. Sérfræðipjónustureglugerð kom árið 2010 og er unnið að því að endurskoða og búa til nýjar reglur sem þar er krafist og koma þeim í framkvæmd, t.d. um nemendaverndarráð. Svo þessi árin er ýmis endurskoðun í gangi og breytingar á skipulagi sérfræðipjónustu sem ekki er hægt að kynna hér (vísað er í skýrslu sem send var vegna úttektarinnar).</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Stuðningur sérfræðiþjónustu við forvarnarstarf:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar sveitarfélagsins segja að sérfræðiþjónustan sé virk í forvörnum og benda á áherslu um þverfaglegt samstarf. Einnig hafi verið áhersla á ferla s.s. varðandi vímuefni, einelti, kynferðislegt ofbeldi, fræðslu um einstök mál o.fl. • Viðmælendur taka undir að unnið sé að forvörnum í sveitarfélaginu en það sé líka mikið forvarnarstarf unnið á vegum skólanna. Þó megi gera betur. • (33) Stjórnendur grunnskóla benda á að staða forvarnarfulltrúa og æskulýðsfulltrúa sveitarfélagsins hafi verið sameinuð. • (34) Fram kom meðal leikskóla-stjórnenda að ekki sé verið að sinna forvörnum gagnvart börnum af erlendum uppruna. 	<p>(33) Þessi fullyrðing er ekki rétt. Um tímabundið ástand var að ræða og í fjölmiðlum nýlega var staða forvarnafulltrúa auglýst þar sem núverandi forvarnarfulltrúi verður æskulýðsfulltrúi.</p> <p>(34) Gott væri að fá að vita um hvaða „forvarnir“ er að ræða því við gerum ráð fyrir að ALLAR forvarnir sem eru í leikskólum eigi einnig við börn af erlendum uppruna. Eða er verið að tala um sérfræðiþjónustu við þá., t.d. þjálfun í móðurmáli sínu? Þurfum skýrari orðræðu hér. Málefni nýbúabarna í sérstakri skoðun og tillögur í mótun varðandi þá hjá bænum haustið 2013.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Samráð við foreldra vegna greininga:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greiningar á nemendum eru gerðar með samþykki og í samráði við foreldra og þeir upplýstir um niðurstöðuna. 	<p>Engar ábendingar.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eftirfylgni og árangur í þyngri málum er metinn með sérfræðingum er málið varðar. • Viðmælendur segja að farið sé yfir stöðu einstakra barna varðandi eftirfylgni og mat á teymisfundum, með einstaklingsnámskrá og ráðgjöf. • (35) Gerð er krafa til leikskóla að skila inn einstaklingsnámskrám a.m.k einu sinni á ári. Fram kom meðal starfsmanna leikskóla að engin endurgjöf kæmi í kjölfarið. • (36) Að sögn leikskólakennara og foreldra skortir á eftirfylgni þegar um vægari mál er að ræða. 	<p>(35) Til skilnings, þetta er málefni sem snertir leikskóla: Við teljum það eðlilegt að það sé ekki ráðgjöf við allar einstaklingsnámskrár. Það er sérkennslustjóri í hverjum skóla og ábyrgð á sérkennslu er þar og umsýsla. Ef skóli telur sig þurfa frekari stuðning með barni, sem hefur einstaklingsnámskrá, kemur sérstök ósk um slíkt og ráðgjöf í framhaldinu.</p> <p>(36) Teljum þetta vera mál foreldranna og viðkomandi leikskólakennara sem kvarta hér. Sérfræðiþjónustan veitir ekki ráðgjöf varðandi öll börn með sérþarfir (5-10% í leikskólum og 20-25% í grunnskólum). Sérfræðiþjónustan sinnir þyngri málum en ætlast til að skólar leysi sjálfir „vægari mál“. Það er verkaskiptingin sem er í gangi.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Almennu ráðgjöf og fræðslu til foreldra:</p> <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið stendur fyrir ráðgjöf um foreldrafærni (PMT). (37) Að auki eru skólar sveitarfélagsins ábyrgir fyrir að veita ráðgjöf og fræðslu til foreldra s.s. um samstarf heimilis og skóla eða hegðun barna þeirra. (38) Í könnun meðal foreldra töldu 18% að þeir væru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan styddi við foreldra með ráðgjöf og 16% að hún styddi við foreldra með fræðslu. 	<p>(37) Réttara væri að segja: Skólarnir og sérfræðiþjónustan vinna saman að því að veita foreldrum ráðgjöf varðandi börn sín og nám, gjarnan í kjölfar greiningar, en sérstaklega er þjónusta við foreldra vegna barna með hegðunarvanda heima/skóla undir formerkjum PMT-foreldrafærni (námskeið, meðferð, sala handbókar o.fl.)</p> <p>(38) Það myndi auka vægi spurningarinnar ef við vissum hvort allir foreldrar svöruðu þessu, hvort sem þeir hefðu þörf á ráðgjöf eða ekki, eða þetta væru hlutfall foreldra sem þyrftu á ráðgjöfinni að halda. Það hjálpaði til við túlkun svaranna. Vandinn er einnig sá hvernig foreldrar skila hugtakið „sérfræðiþjónusta“ hér.</p>

Skýrsludrögin	Ábendingar
<p>Stuðningur við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð vegnalögbundinnar starfsemi:</p> <ul style="list-style-type: none"> (39) Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins hefur ekki veitt foreldrafélögum, foreldraráðum og skólaráðum ráðgjöf eða fræðslu vegna lögbundinnar starfsemi þeirra. (40) Foreldrar og skólastjórnendur telja að ef óskað væri eftir aðstoð frá sveitarfélaginu fengju þeir hana. (41) Fulltrúar sveitarfélagsins segja að verið sé að skoða hvernig megi styðja við þetta ferli samhliða endurskoðun skólanámskráa. 	<p>(39) Kannski mætti orða þetta öðru vísi: Sérfræðiþjónustan veitir foreldrafélögum, foreldraráðum og skólaráðum þjónustu eftir því sem er óskað (fræðslufundir aðallega) en í mótun er einnig hvort sá stuðningur muni breytast við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og aukinnar ábyrgðar umræddra aðila þar. Endurskoðun skólanámskráa og starfsáætlana skólanna mun væntanlega auka fræðslu þar um í samræmi við lögbodin hlutverk og er því í skoðun þessi misserin.</p> <p>(40) Væri réttara að segja „sérfræðiþjónustunni“ hér því skólastjórnarnir eru líka starfsmenn „sveitarfélagsins“ en eru líklega ekki að ræða um sjálfa sig í þessu samhengi?</p> <p>(41) Sjá nr. 38</p>

Lokaorð

Ofangreindar ábendingar snúa að þeim hluta skýrslunnar sem við höfum séð en um leið bendum við á það að við teljum okkur einnig hafa þann möguleika að gera athugasemdir við lokaútgáfu skýrslunnar sem mun koma og leggja sjálfstætt mat á úttektina í heild sinni þá. Ef við teljum misskilnings gæta þar eða farið sé með rangt mál munum við einnig leiðrétta slíkt eftir að lokaskýrsla lítur dagsins ljós. Í heildina séð teljum við að svona úttekt eigi að geta veitt leiðsögn um frekari þróun sérfræðiþjónustu fyrir nemendur í leik- og grunnskólum t.d. að eitthvert heildarmat fari fram á því hvort þetta skipulag á sérfræðiþjónustu sem er í Hafnarfirði sé eitthvað sem henti í íslensku samhengi í samanburði við annað skipulag (og svo er alltaf spurning hvort það sé skipulagið sem er „vandinn“, „ónóg“ fjármagn til umrædds skipulags eða „framkvæmdin“ á vegum starfsmanna innan skipulagsins).

Þessum ábendingum hér er ætlað að styðja við það að úttektin verði sem áreiðanlegust og trúverðugust um starfsemi sérfræðiþjónustunnar við börn í leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Þess vegna töldum við mikilvægt að koma með þessar ábendingar, sömuleiðis hvar við teldum að skýrslan gæti verið skýrari í orðalagi en nú er til að veita nákvæmari upplýsingar og gefa meira að lokum sem fagleg úttekt á sérfræðiþjónustunni.

Hafnarfirði 13. desember 2013.

F.h. sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar

Eiríkur Þorvarðarson, deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu

Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.